

**KJARASAMNINGUR**  
**milli**  
**Rafiðnaðarsambands Íslands**  
**og**  
**Landsnets hf.**

**1. gr.**

Síðast gildandi kjarasamningur framlengist til 31. janúar 2014 með þeim breytingum og fyrirvörum sem greinir í samningi þessum.

**2. gr.**

Við samþykkt samnings þessa greiðist sérstök eingreiðsla, kr. 50.000, hverjum starfsmanni í fullu starfi sem er við störf í maí og miðast greiðslan við fullt starf í mánuðunum mars-maí. Starfsmenn sem létu af störfum í apríl fá hlutfallslega greiðslu miðað við starfstíma í mars og apríl. Starfsmenn sem hófu störf í apríl eða fyrstu fimm dagana í maí og eru í starfi í maí fá hlutfallslega greiðslu miðað við starfstíma í apríl og maí. Starfsmenn í hlutastarfi fá greitt hlutfallslega miðað við starfshlutfall. Greiðslan skal innt af hendi eigi síðar en 31. Október 2011.

**3. gr.**

**Laun og launatafla hækka sem hér segir:**

1.6. 2011: 4,25%.  
1.2. 2012: 3,5%.  
1.2. 2013: 3,25%.

Aðrir kjaratengdir liðir taka sömu breytingum hlutfallslega á sömu dagsetningum, nema annað sé sérstaklega tilgreint í samningnum.

**4. gr.**

**Desember- og orlofsuppbót**

Desemberuppbót miðað við fullt starf er sem hér segir:

Á árinu 2011 kr. 82.775.  
Á árinu 2012 kr. 85.672.  
Á árinu 2013 kr. 88.456.

Orlofsuppbót miðað við fullt starf er:

Á orlofsárinu sem hefst 1. maí 2011 kr. 82.775.  
Á orlofsárinu sem hefst 1. maí 2012 kr. 85.672.  
Á orlofsárinu sem hefst 1. maí 2013 kr. 88.456.

**Sérstakt álag á orlofs- og desemberuppbót 2011**

Á árinu 2011 greiðist sérstakt álag á orlofsuppbót, kr. 10.000.  
Á árinu 2011 greiðist sérstakt álag á desemberuppbót, kr. 15.000.

  
Handwritten signatures and initials in blue ink, including the letters 'KPS' and 'Hósi'.

**5. gr.**

**Ýmis ákvæði**

Eftirtalin ákvæði úr kjarasamningi SA og aðildarsamtaka ASÍ dags. 5. maí 2011 verði hluti samnings þessa:

- Ólaunaðir frídagar á ferðum

Aðilar munu jafnframt fara yfir önnur ákvæði í kjarasamningi ASÍ og SA og færa inn í kjarasamning aðila eftir því sem við á.

**6. gr.**

**Samningsforsendur**

Verði gerðar breytingar á samningsákvæðum eða samningstíma á grundvelli forsenduákvæðis í kjarasamningum SA og aðildarsamtaka ASÍ, dags. 5. maí 2011, skal það sama gilda um samning þennan.

**7. gr.**

**Afgreiðsla kjarasamnings**

Tilkynna skal um afgreiðslu kjarasamninga fyrir kl. 14:00 föstudaginn 7. Október 2011

Reykjavík, 27.09.2011.

F.h. Rafiðnaðarsambands Íslands

Kristján Þórhelgur Ólafsson  
Ólafur Þórhelgur Ólafsson  
Hauki Samúelsson  
Jón Ingi Skúli Ólafsson

F.h. Landsnets hf.

Ólafur Þórhelgur Ólafsson

**Bókun um viðbótarmenntun**

Landsnet hf. mun meta að hvaða marki viðbótarmenntun rafiðnaðarmanna, sem sérstaklega nýtist í starfi, geti leitt til launahækkunar. Starfsmaður sem aflar sér slíkrar viðbótarmenntunar getur óskað eftir viðtali um breytingar á starfskjörum.

**Bókun um slysatryggingar**

Samningsaðilar munu á árinu 2011 bera ákvæði kjarasamningsins um slysatryggingar saman við kjarasamninga RSÍ við önnur orkufyrirtæki og meta hvort ástæða sé til samræmingar.

**Yfirlýsing**

Landsnet hf. lýsir því yfir að skoðuð verði innbyrðis röðun rafiðnaðarmanna fyrirtækisins í launaflokka m.t.t. ábyrgðar, menntunar, færni og annarra þátta sem máli skipta. Markmið skoðunar er að gæta samræmis í launum rafvirkja og rafveituvirkja með tilliti til ofangreindra þátta. Þessari vinnu verði lokið eigi síðar en 31.janúar 2012.

